

Verklagsreglur fyrir Veiðikortasjóð.

1. gr.

Reglur þessar gilda um stjórnsýlu vegna sjóðs samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem hér eftir verður nefndur Veiðikortasjóður. Markmið reglnanna er að tryggja að stjórnsýsla vegna Veiðikortasjóðs sé í samræmi við gildandi lög og reglur stjórnsýsluréttar, ekki síst sá þáttur er varðar úthlutanir á fjármunum sjóðsins.

2. gr.

Hlutverk Veiðikortasjóðs er sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum: Í fyrsta lagi að kosta rannsóknir á stofnum villtra dýra. Í öðru lagi að kosta stýringu og vöktun á stofnum villtra dýra og í þriðja lagi að kosta útgáfu veiðikorta og umsýslu Veiðikortasjóðs. Óheimilt er að nota fjármuni Veiðikortasjóðs í örðum tilgangi en þeim sem að framan greinir.

3. gr.

Að jafnaði skal úthluta styrkjum árlega úr Veiðikortasjóði til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra. Birta skal auglýsingum um styrkumsóknir úr sjóðnum a.m.k. tveimur mánuðum fyrir úthlutun í tveimur dagblöðum þar sem tilgreindur er frestur til að skila inn umsóknum. Auglýsing um úthlutun skal einnig birt á vefsíðu umhverfisráðuneytisins, <http://www.umhverfisraduneyti.is>. og Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>. Styrkjum skal úthlutað um áramót eða eigi síðar en 31. janúar þess árs sem úthlutun fer fram.

4. gr.

Áður en ákvörðun um úthlutun úr Veiðikortasjóði er tekin skal liggja fyrir umsögn Umhverfisstofnunar um umsóknir umsækjenda svo og tillaga stofnunarinnar um úthlutun úr sjóðnum. Umsögn Umhverfisstofnunar skal unnin í samráði við fimm manna ráðgjafanefnd sem umhverfisráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðgjafanefndin skal skipuð með eftirfarandi hætti: Einn fulltrúi Bændasamtaka Íslands, einn fulltrúi Skotvís, einn fulltrúi fjálsra félagasamtaka á svíði náttúruverndar og tveir fulltrúar sem Umhverfisstofnun tilnefnir, annar á svíði stofnvistfræða og hinn á svíði veiðistjórnunar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Ráðgjafanefndin skal setja sér starfsreglur þar sem fram koma þau skilyrði sem lögð eru til grundvallar við mat á umsóknum. Þá skal ráðgjafanefndin leggja fram tillögu til umhverfisráðuneytisins um umsóknareyðublað sem endurspeglar starfsreglur sjóðsins og þær upplýsingar sem fram þurfa að koma við mat á umsóknum.

5. gr.

Í umsókn um styrk úr Veiðikortasjóði skal umsækjandi greina frá efni og afmörkun fyrirhugaðra rannsókna, skipulagi þeirra og áætluðum tímamörkum ásamt upplýsingum um menntun og/eða fyrri rannsóknir.

6. gr.

Ákvörðun um úthlutun skal tilkynnt öllum umsækjendum og hún birt á heimasíðu umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Þeir sem hljóta styrki úr Veiðikortasjóði er skyld að skila til umhverfisráðherra skýrslu eða greinargerð þar sem lýst er helstu niðurstöðu verkefnisins. Umhverfisstofnun skal í samráði við umhverfisráðuneytið standa fyrir ráðstefnu/málþingi annað hvort ár þar sem rannsóknir og verkefni sem styrkt hafa verið úr Veiðikortasjóði eru kynnt.

7. gr.

Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikorta og umsýslu Veiðikortasjóðs. Kostnaður vegna umsýslu og reksturs veiðikortakerfisins skal þó aldrei fara yfir 40% af ársveltu sjóðsins. Heimilt er að víkja frá þessari reglu þegar óvenjleg skilyrði skapast til að mynda í tekjuöflun sjóðsins. Áður en ákvörðun er tekin um frávík frá reglunni skal Umhverfisstofnun skila rökstuddri greinargerð til umhverfisráðherra um nauðsyn þessa.

Umhverfisráðuneytinu, 1. nóvember 2010


Svandís Svavarsdóttir

Magnús Jóhannesson

